


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	Upplýsingatækni með áherslu á notkun algengra forrita (UPPT1AF02S) Námsáætlun (haustönn 2019)	

Kennari	Arnór Bliki Hallmundsson Svanlaugur Jónasson	Sk.st.	ABH SVJ
----------------	---	---------------	---------

Áfangalýsing:

Áhersla er á upplýsingalæsi í víðu samhengi og nemendur fá að kynnast ýmsum hliðum sem snúa að upplýsingatækni. Farið verður í grunnatriði í tölvumálum, reglur sem gilda í tölvusamskiptum og umgengni við tölvukerfi skólans. Nemendur verða látnir tileinka sér Innu og Moodle jafnt og þétt yfir önnina. Áhersla verður á að efla færni nemenda í vinnu með ritvinnsluforrit, glæru-/kynningarforrit og reikniforrit. Einnig verða smáforrit sem hægt er að nálgast á netinu skoðuð og nemendur vinna í þeim ýmis verkefni. Farið verður í myndbanda og myndvinnslu.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að tölvur eru stór hluti af daglegu lífi okkar
- mikilvægi þess að fylgja ákveðnum umgengnisreglum við tölvunotkun
- því að vanda tölvusamskipti eins og önnur samskipti
- mikilvægi þess að kunna að setja upp aðgengilegan texta, skjöl og ýmsar kynningar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að greina á milli þess hversu áreiðanlegar upplýsingar eru á netinu
- að nýta sér netið á öruggan og ánægjulegan hátt
- vinna með ýmis tölvuforrit
- tjá sig á viðeigandi hátt í gegnum tölvusamskipti


Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa í og/eða nýta sér upplýsingar sem koma fram á síðum um örugga netnotkun
- auka sjálfstraust sitt og trú á eigin tölvulæsi
- lesa í mismunandi tölvuumhverfi í þeim tilgangi að átta sig á hvað er viðeigandi hverju sinni
- lesa í leik- og samskiptareglur
- senda frá sér vel upp sett skjöl og ritaðan texta á skilmerkilegan og snyrtilegan hátt


Námsgögn:

Engin kennslubók er lögð til grundvallar í áfanganum en stuðst er við ýmis verkefni frá kennurum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	Upplýsingatækni með áherslu á notkun algengra forrita (UPPT1AF02S)	
	Námsáætlun (haustönn 2019)	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Efnispættir
Vika 34-35	Kynning á námsáætlun og tryggt að allir nemendur séu skráðir á Innu og með virkan aðgang að tölvupósti (gmail@vma.is). Kynning á reglum skólans varðandi tölvunotkun og umræða um örugga og ábyrga netnotkun.
Vika 36	Kynning á möguleikum Google þjónustunnar. Farið verður yfir notkunarmöguleika og nemendur aðstoðaðir við að stilla notendaviðmót í tölvupósti, dagatali og á geymsludrifi Google.
Vika 37-38	Verkefni unnin í ritvinnsluforriti Google og tímaverkefni unnið sem gildir 10% af lokaeinkunn.
Vika 39	Skoðuð verða ýmis smáforrit sem hægt er að nálgast í gegnum netið og unnin verkefni í þeim.
Vika 40-41	Verkefni unnin í Google skyggnum og tímaverkefni unnið sem gildir 10% af lokaeinkunn.
Vika 42	Miðannarmat.
Vika 43-45	Verkefni unnin í töflureikni Google og tímaverkefni unnið sem gildir 10% af lokaeinkunn.
Vika 46	Skoðuð verða ýmis smáforrit sem hægt er að nálgast í gegnum netið og unnin verkefni í þeim.
Vika 47	Upprifjun á helstu þáttum áfangans.
Vika 48-49	Lokaverkefni þar sem nemandi velur sér efni og setur upp í þeim forritum sem kynnt hafa verið í áfanganum. Verkefnið gildir 20% af einkunn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Upplýsingatækni með áherslu á notkun algengra forrita (UPPT1AF02S) Námsáætlun (haustönn 2019)	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Skilaverkefni	Ýmis verkefni sem skilað er á Google Classroom		30%
Tímaverkefni	Þrjú tímaverkefni unnin í tíma, gildir 10% hvert.		30%
Ástundun	Ástundun og vinnubrögð		20%
Lokaverkefni	Lokaverkefni unnið í lok áfanga.		20%
		Samtals:	100%
Annað:			

Birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

21.8.2019

ARNÓR B. VÁLUMUNDSSON

Guðlaugur Þórsson
 Undirritun kennara

Þryndis Inga St.
 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils